Fundargerð aðalfundar FFÁS 21.september 2021

Dröfn setur fundinn og fer yfir skýrslu stjórnar. Vegna Covid gátum við ekki haldið úti hefðbundinni dagskrá á síðastliðnum vetri. Síðastliðið starfsár hafa eftirtaldir skipað stjórn FFÁS:

Dröfn Vilhjálmsdóttir - Seljaskóla, formaður
Guðrún Ólafsdóttir – Kársnesskóla, varaformaður
Margrét Björnsdóttir – Skólasafnamiðstöð, gjaldkeri
Halla Svavarsdóttir - Víðistaðaskóla, ritari
Ágústa Lúðvíksdóttir – Flataskóla, meðstjórnandi
Þóra Jónsdóttir - Öldutúnsskóla, meðstjórnandi
Þórunn Grétarsdóttir– Garðaskóla, umsjón með póstlista
Þórdís Steinarsdóttir – Norðlingaskóla, meðstjórnandi

Kjaranefnd FFÁS hefur verið skipuð þannig:

Ásgeir Eyþórsson í Hvassaleitisskóla KÍ og
Ívar Ólafsson í Hagaskóla fyrir SBU.

Þórdís, Ásgeir og Ívar víkja úr nefnd og þeim færðar þakkir fyrir þeirra störf. Könnun um starfsumhverfi skólasafna var gerð og send á félagsmenn. Svörun var góð. Næsta skref verður að stofna nefnd um vinnu úr könnuninni og svo úrbætur í kjölfarið. Sótt var um styrk fyrir gerð heimasíðu félagsins. Guðrún var fulltrúi í skipulagningu Gerðubergsráðstefnu og Dröfn mætti á fund nýstofnaðs Bókasafnsráðs. Einnig fundaði Dröfn með Menntamálastofnun um sumarlestur. Dröfn er komin í starfshóp Ágústu Pálsdóttur hjá HÍ um áherslur í náminu í Upplýsingafræði á sviði skólasafna. Skýrsla stjórnar samþykkt.
Næsta fræðslustund er skipulögð 4. nóvember.

Margrét fer yfir ársreikning. 80 þúsund krónur fóru í kostnað vegna fræðslustunda og við fengum 250 þúsund í styrk. Ársreikningur samþykktur.

Jónella er kosin inn í stjórn. Engin framboð voru í kjaranefnd fyrir Ásgeir og Ívar. Stjórnin er fullskipuð. Ný stjórn samþykkt með lófaklappi. Það vantar aðal- og varamann sem skoðunarmenn reikninga. Unnur María og Sigríður Halldóra bjóða sig fram og hljóta kosningu.

Farið var yfir önnur mál. Sigríður Halldóra benti á að auka sýnileika okkar á Landsfundi Upplýsingar. Rætt var um að skipa jafnvel fulltrúa okkar innan Upplýsingar.

Fundi slitið.

Aðalfundur FFÁS 21. september 2021

Aðalfundur dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur félagsins
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.
5. Skýrslur nefnda (fellur inn í skýrslu stjórnar).
7. Kosning stjórnar og kosning í kjaranefnd.
9. Önnur mál.

Skýrsla formanns.

Hér eftir fer skýrsla formanns fyrir síðasta starfsár sem er eflaust það skrítnasta hingað til í sögu FFÁS. Félagið hefur ekki getað haldið úti hefðbundinni dagskrá. Hins vegar hefur heimsfaraldurinn þrátt fyrir allt veitt ný tækifæri og fært margar stofnanir, einstaklinga og félög út fyrir kassann. Flóknar aðstæður hafa nefnilega getið af sér margar snjallar lausnir sem nýta má um ókomin ár. Til marks um það þá fundum við hér í dag með aðilum sem alla jafna hefðu ekki getað sótt þennan aðalfund í persónu.

Síðastliðið starfsár hafa eftirtaldir skipað stjórn FFÁS:

Dröfn Vilhjálmsdóttir - Seljaskóla, formaður
Guðrún Ólafsdóttir – Kársnesskóla, varaformaður
Margrét Björnsdóttir – Skólasafnamiðstöð, gjaldkeri
Halla Svavarsdóttir - Víðistaðaskóla, ritari
Ágústa Lúðvíksdóttir – Flataskóla, meðstjórnandi
Þóra Jónsdóttir - Öldutúnsskóla, meðstjórnandi
Þórunn Grétarsdóttir– Garðaskóla, umsjón með póstlista
Þórdís Steinarsdóttir – Norðlingaskóla, meðstjórnandi

- úr stjórn víkur Þórdís Steinarsdóttir, hún hefur hafið störf á bókasafninu í FB. Við þökkum Þórdísi fyrir hennar störf.

Kjaranefnd FFÁS hefur verið skipuð þannig:

Ásgeir Eyþórsson í Hvassaleitisskóla KÍ og
Ívar Ólafsson í Hagaskóla fyrir SBU.

-Ásgeir og Ívar víkja báðir úr nefnd og við færum þeim kærar þakkir fyrir þeirra störf.

Þrátt fyrir að hafa ekki getað haldið úti hefðbundnu starfi FFÁS þá hefur stjórn FFÁS ekki setið auðum höndum. Mig langar að stikla á stóru á því starfi sem farið hefur fram síðastliðið starfsár.

Stærsta verkefni stjórnar var að búa til umfangsmikla könnun um starfsumhverfi skólasafna landsins og senda til allra félagsmanna. Við það tækifæri notaði stjórnin tækifærið og uppfærði meðlimalista FFÁS með því að meðal annars hringja í marga grunnskóla á landsbyggðinni til að

tryggja að réttir aðilar væru skráðir hjá okkur í meðlimaskrá. Könnunin var send út til ca 160 grunnskóla og 108 þeirra hafa svarað sem er afar góð svörun. Sérstaklega með tilliti til þess að í mörgum minni skólum úti á landi eru engin skólasöfn. Nú tekur við mikið starf að vinna úr þessum svörum og gera niðurstöður aðgengilegar.

Síðastliðinn vetur hefur stjórn FFÁS fundað með samstarfshópi úr Menntamálaráðuneyti varðandi málefni skólasafnanna. FFÁS hefur lagt áherslu á að umgjörð skólasafna þurfi að stórbæta þegar kemur að laglegri umgjörð, mönnun, fjármagni og öðru. Starfsnefnd Menntamálaráðuneytis sýndi málinu skilning og taldi að annars vegar þyrfti að gera könnun um skólasöfnin til þess að fá skýra sýn á stöðuna og að hins vegar þyrfti að búa til nefnd, meðal annars skipuð fólki úr okkar röðum, til þess að vinna að tillögum til úrbóta. Nú hefur könnunin farið fram og þegar stjórnin hefur unnið úr niðurstöðunum ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að taka næsta skref og stofna nefnd sem vinnur að tillögum til úrbóta.

Stjórn FFÁS hefur jafnframt stofnað einfalda heimasíðu sem þjónar þeim tilgangi að upplýsingar um félagið séu leitarbærar, ég setti inn upplýsingar um þá heimasíðu á hópinn okkar á Facebook. Stjórn FFÁS lagði jafnframt inn umsókn um styrk í Bókasafnssjóð fyrir vefsíðu fyrir félagið þar sem yrði vettvangur fyrir samvinnu, faglegt samstarf og miðlun á sameiginlegu efni af ýmsum toga. Það verður áhugavert að vita hvort sá styrkur verður samþykktur.

Bókasafnsráð var einmitt endurvakið síðasta vetur og ég var kölluð á fund til þeirra, sem formaður FFÁS, en sá fundur var helgaður málefnum skólasafna. Bókasafnsráð vinnur að stefnumótun með því að meðal annars horfa til nágrannaþjóða sem og hlusta eftir röddum félagsmanna. Samkvæmt lögum er hlutverk bókasafnsráðs:

- að vinna að stefnumörkun um starfsemi
- að setja reglur um söfnun og úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga um bókasöfn á
- að setja bókasafnasjóði úthlutunarreglur
- að veita umsögn um styrkumsóknir úr bókasafnasjóði
- að sinna öðrum verkefnum á sviði málefna bókasafna.

Þarna er því vettvangur til að styðja starfsemi bókasafna og stuðla að aukinni og bættri samvinnu bókasafna á landinu.

Á ári hverju er haldin barna- og unglingabókaráðstefna í Menningarhúsinu í Gerðubergi. Guðrún Ólafsdóttir var fulltrúi FFÁS í nefndinni í ár. Yfirskriftin að þessu sinni var lestur sem sameiginleg upplifun fjölskyldunnar. Nokkuð sem átti vel við í heimaveru fjölskyldna undanfarið ár.

Það var leitað til mín fyrir hönd skólasafn vegna bókaútgáfu með frásögnum úr skólastarfi í heimsfaraldri. Ritnefnd var skipuð sérfræðingum frá Háskóla Íslands, Kennarasambandinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Ég var beðin um að koma með frásögn frá skólasafni í heimsfaraldri en leitað var til foreldra, kennara, nemenda og skólastjórnenda. Bókin er í prentuð og kemur út innan skamms og ber nafnið MUNDU AÐ HNERRA Í REGNBOGANN.

Síðastliðið vor leitaði Menntamálastofnun til stjórnar FFÁS varðandi sumarlestaráskorun. Ég fundaði nokkrum sinnum með þeirri nefnd fyrir hönd stjórnar. Menntamálastofnun var mjög samstarfsþýð þegar kom að hugmyndum frá okkur enda erum við jú á gólfinu með börnunum og vitum hvað virkar. Ég verð því að segja að ég var mjög ánægð með útkomuna, sem var sumarlestaráskorun í formi spils og er líka dáldið stolt yfir því hversu mikil áhrif við höfðum á útkomuna til góðs.

Núna í haust er ég komin í starfshóp fyrir hönd FFÁS hjá Ágústu Pálsdóttur, prófessor í upplýsingafræði. Hún kallaði til fulltrúa frá öllum safnategundum til að ræða um áherslur í náminu út frá þörfum bókasafna og g skoða hvar við getum fundið sameiginlega áhersluþætti og líka hverjar sérþarfir einstakra tegunda bókasafna eru. Við áttum góðan fund í síðustu viku og munum halda áfram að funda í vetur og þá nánar fyrir hverja safnategund. Það er því einstakt tækifæri núna fyrir okkur á grunnskólasöfnum að hafa áhrif á hvað er kennt í upplýsingafræði og hvernig með tilliti til þess sem okkur finnst þurfa að leggja áherslu á fyrir okkar starfsvettvang.

Þannig að þrátt fyrir að geta ekki haft hefðbundna dagskrá síðastliðið ár þá höfum við hjá FFÁS ekki setið auðum höndum og afar jákvæð framþróun átt sér stað. Við hlökkum hins vegar til að geta haft okkar hefðbundnu fræðslufundi og hist í persónu. Það er svo mikilvægt í okkar einyrkjafagi að geta hist og spjallað.

Ef heimsfaraldurinn verður til friðs þá er næsti fræðslufundur áformaður 4. nóvember og við krossleggjum fingur að af honum geti orðið.

Að þessu sögðu ætla ég að ljúka máli mínu og þakka stjórninni fyrir einstaklega gott samstarf í vetur.

Reykjavík, 21. sept 2021

Dröfn Vilhjálmsdóttir

Rekstrarreikningur Félags fagfólks á skólasöfnum 2020

	Eign		Gjöld		Tekjur
Staða á reikningi 0111-05-062174 frá f. ári	207.664				
Veitingar vegna funda			-7.706		
Kaffisjóður (tekjur: 11.260,- kostnaður: 7.660,- mism fór í banka)			-7.660		11.260
Staðfesting v. vorferðar					0
Vorferð			0		
kostnaður v.eigendaskipta			-3.500		
Styrkur Námsleyfasj. grunnskóla					250.000
v.Gerðurbergsráðstefnu					
Fræðsla			-16.000		
Kostnaður v.fræðslustund			-62.550		
Innvextir					145
Fjármagnstekjuskattur			-32		
Samtals			**-97.448**		**261.405**
Niðurstaða ársins 2020					163.957
Inneign 31.12.2020			371.601		
Efnahagsreikningur					
Staða á reikningi 0111-05-062174 31.12.2019	207.664				
Samtals breyting á reikningi (peningar inn mínus peningar út)	163.957				
Staða á reikningi 0111-05-062174 31.12.2020	371.601				

Unnið af

Margrét Björnsdóttir

Yfirfarið

Anný J. Jóhannesdóttir